

---

**1968 nr. 10 1. apríl**

**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957**

Tóku gildi 24. apríl 1968.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Fyrirvara má gera um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt samþykktinni.

□ Samþykktin er prentuð á íslensku og ensku sem fylgiskjöl með lögum þessum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá *Stjóð. A 1968, bls. 26–37.*